

# STARFSREGLUR

## um þjálfun prestsefna nr. 788/2002, starfsrgl. nr. 1008/2005 og nr. 954/2010.

### 1. gr.

■ Biskup Íslands ábyrgist starfsþjálfun prestsefna og setur nánari fyrirmæli um innihald hennar [þar sem m.a. skal skilgreina lágmarkskröfur, sbr. 2. gr. reglna þessara, sem prestsefni þarf að uppfylla til að öðlast rétt til prestsvígslu.]<sup>1)</sup> Starfsþjálfunarnefnd skipuð af biskupi til fjögurra ára annast um framkvæmd starfsþjálfunar. Biskup setur nefndinni erindisbréf.

*1) Starfsrgl. 1008/2005, 1. gr. Í upphafsorðum 1. gr. starfsrgl. 1008/2005 er sagt að við 1. ml. 1. mgr. starfsrgl. 788/2002 skuli bætast tilgreindur texti. Hér er augljóslega átt við 1. másl. 1. gr. starfsreglnanna.*

### 2. gr.

■ Starfsþjálfun skal tryggja að prestsefni öðlist sem mesta færni til að starfa sem prestur þjóðkirkjunnar.

### 3. gr.

■ [Guðfræðinemi, sem hefur hug á að þjóna sem prestur þjóðkirkjunnar, skal gangast undir starfsþjálfun er hann hefur lokið BA prófi í guðfræði við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands og hefur skráð sig til frekara náms í guðfræði er veitir réttindi til að sækja um prestsembætti innan þjóðkirkjunnar.]<sup>1)</sup>

*1) Starfsrgl. 954/2010, 8. gr. Þessari grein starfsrgl. 788/2002 var áður breytt með starfsrgl. 1008/2005, 2. gr.*

### 4. gr.

■ Guðfræðinema skal skylt að taka þátt í starfsþjálfun með fullnægjandi hætti að mati starfsþjálfunarnefndar á hverjum tíma.

□ Fyrri hluta starfsþjálfunar sem veitir réttindi til að sækja um prestsembætti lýkur að jafnaði um leið og nemi lýkur kandidatsprófi. Síðari hluti starfsþjálfunar fer fram þegar kandidat hefur fengið embætti.

□ Kirkjuráð kveður nánar á um greiðslur vegna starfsþjálfunar að fengnum tillögum starfsþjálfunarnefndar.

### 5. gr.

■ Að loknum fyrri hluta starfsþjálfunar veitir starfsþjálfunarnefndin biskupi umsögn um guðfræðinema. Þar skal nefndin m.a. láta í té álit sitt á því hvort hlutaðeigandi sé hæfur til að gegna prestsembætti.

□ Að því loknu gefur biskup út staðfestingu á því að guðfræðinemi hafi lokið lögboðinni starfsþjálfun með fullnægjandi hætti og sé hæfur til að taka prestsvígslu.

### 6. gr.

■ Starfsreglur þessar sem settar eru skv. 38. gr. og 59. gr. laga nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2003. Starfsreglur um þjálfun prestsefna nr. 736/1998 falla brott frá sama tíma.